

Vegagerðin  
Birgir Guðmundsson, umdæmisstjóri  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

2004080061  
6513; 9310

Reykjavík, 23. september 2004  
/--

### **Efni: Eyjafjarðarbraut eystri um Möðruvelli, Eyjafjarðarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 25. ágúst 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt nýlagning 1,2 km Eyjafjarðarbrautar eystri um Möðruvelli samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 1. september 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. september 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. september 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. september 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að breyta legu Eyjafjarðarbrautar eystri hjá Möðruvöllum og hliðra veginum um 400 m á um 1,2 km löngum kafla. Í stað krapprar beygju sunnan Möðruvalla, verði vegurinn lagður í mjúka beygju með betri planlegu. Í tengslum við framkvæmdina þurfi að leggja tvær vegtengingar, 60 m og 140 m langar, frá fyrirhuguðum vegi að núverandi vegi. Einnig verði þrjár minni vegtengingar gerðar, m.a. inn á tún og að heimreið Kálfagerðis og fjarlægðir tveir vegbútar, samtals 260 m, af núverandi vegi. Vegsvæðið brautarinnar verði 30 m breitt og nái 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Fram kemur að framkvæmdasvæðið verði 12-82 m breitt og vegurinn lagður að mestu á fyllingum en skeringar verði hannaðar á nokkrum stöðum. Gert sé ráð fyrir að stærstu skeringarnar verði allt að 50-60 m breiðar og 2,5 til 4,0 m djúpar. Fram kemur að hugsanlega þurfi að útbúa athafnasvæði utan framkvæmdarsvæðis til bráðabirgða vegna framkvæmdarinnar, en það verði gert í samráði við landeigendur. Fram

kemur að vegurinn verði hannaður fyrir 80-90 km/klst hámarkshraða af vegtegund C2 eins og núverandi vegur og að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi, tryggja greiðari samgöngur og bæta vegasamband í Eyjafirði. Áætluð efnispörf sé um 16.050 m<sup>3</sup> sem að mestu verði tekið úr vegskeringum og gömlum vegabútum sem fjarlægðir verða, en um 550 m<sup>3</sup> af efni í bráðabirgðamalarstlitlag verði tekið úr efnishaugum við Gullbrekku. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að framkvæmdin muni standa yfir haustið 2004 og það sé mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

**Áhrif á náttúrufar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdinni verði hagað þannig að neikvæð áhrif verði sem minnst. Fyrirhugaður vegur muni að mestu leyti liggja um ræktað land og sé ekki gert ráð fyrri að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar né fugla verði veruleg. Fram kemur að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji og þær sléttaðar vel og í samræmi við landslag umhverfis. Við uppgræðslu verði hentugum gróðurtegundum sáð í vegkanta og vegfláa á grónu landi og leitað verði til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig standa skuli að uppgræðslu vegsára og verði allur frágangur í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að skammt norðan við vegarstæðið séu friðlýstar fornleifar. Haft hafi verið samráð við minjavörð Norðurlands eystra og hafi Fornleifastofnun Íslands annast fornleifarannsókn þar sem niðurstöður bentu til þess að ekki væri um minjar að ræða sem þyrfti að vernda. Framkvæmdaraðili telji að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar, en muni hafa samráð við minjavörð Norðurlands eystra ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 komi ekki fram stefnumótun hvað varðar breytingu á legu Eyjafjarðarbrautar eystri en í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 komi fram að á skipulagstímanum skuli tengivegir vera byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á menningarminjar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að samráð hafi verið haft við minjavörð Norðurlands eystra við undirbúningsvinnu vegna framkvæmdarinnar. Þegar hafi farið fram rannsókn á fornleifum sem minjavörður taldi nauðsynlegt að skoða og telji Fornleifavernd ríkisins að fyrir liggja upplýsingar um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar og þegar hafi verið gripið til þeirra mótvægisáðgerða sem stofnunin taldi nauðsynlegar.

**Áhrif á náttúrufar.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé skilgreint í gögnum framkvæmdaraðila hvað átt sé við með útvíkkuðum skeringum, en í gögnum

framkvæmdaraðila kemur fram að á milli stöðva 9540-9660 annars vegar og 9700-9760 hins vegar verði alldjúpar og víðáttumiklar skeringar í tún, melbrúnir og melhóla. Að mati stofnunarinnar verði að líta á svokallaðar útvíkkaðar skeringar sem efnistökusvæði og því rétt að þær skeringar verði mældar upp og lögð fram áætlun um frágang skeringa eins og um námur væri að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaraðila beri að hafa samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar vegna frágangs á framkvæmdasvæðinu.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á tveimur köflum, verði alldjúpar skeringar. Ákveðið hafi verið að breikka botn skurðarins meðfram veginum á þessum köflum til þess að fá meira efni úr skeringunum og til að minnka líkur á snjósöfnun á veginum. Flatarmál hannaðra skeringar milli stöðva 9530-9630 sé 4.000 m<sup>2</sup> en þar af sé flatarmál vegna breikkaðs vegskurðar 4m x 100m = 400 m<sup>2</sup>. Flatarmál hannaðra skeringar milli stöðva 9700-9780 sé 3.650 m<sup>2</sup> en þar af sé flatarmál vegna breikkaðs vegskurðar 4m x 80m = 320 m<sup>2</sup>. Vegagerðin telji að ekki sé ástæða til að fjalla um "útvíkkaðar" skeringar sem námur og þurfi Vegagerðin og Umhverfisstofnun að komast að samkomulagi um skilgreiningu á því hvenær útvíkkun skeringa sé orðin það mikil að um þær beri að fjalla sem námur. Ennfremur kemur fram að haft verði samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um frágang svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé ekki innan náttúruverndarsvæðis skv. skilgreiningu 3. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt upplýsingum í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila sé ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Ekki hafi farið fram sérstök úttekt á náttúrufari vegna framkvæmdarinnar en framkvæmdasvæðið liggja að mestu leyti um ræktað land og hálfgróna mela. Umhverfisstofnun telji því ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg áhrif á gróður, fuglalíf eða jarðmyndanir.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða nýlagningu 1,2 km langs vegakafli Eyjafjarðarbrautar eystri um Möðruvelli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhugaður vegur liggur um verndarsvæði fornminja. Rannsóknir hafa þegar farið fram á fornleifum og gripið hefur verið til mótvægisáðgerða sem taldar voru nauðsynlegar. Í ljósi ofangreinds og að framkvæmdasvæðið liggur að mestu leyti um ræktað land og hálfgróna mela, telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin hafi ekki veruleg áhrif á fornminjar og náttúrufa.

Skipulagsstofnun telur að til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag sé eðlilegt að miða við að skeringar nái ekki út fyrir vegsvæðið, þ.e. 15 m frá miðlínu vegar, nema vegtæknilegar aðstæður svo sem vegna sjónlengda eða hættu á snjósöfnun á veginn geri það nauðsynlegt. Samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar er fyrirhugað að útvíkka skeringar á framkvæmdasvæði til að fá meira efni úr þeim og minnka líkur á snjósöfnun. Skipulagsstofnun telur því eðlilegt að Vegagerðin leggi fram áætlun um frágang skeringa eins

og um námur væri að ræða sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Eyjafjarðarbrautar eystri um Möðruvelli sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Eyjafjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.